

2023-2024



JEMEN

Starfsáætlun
Starfsáætlun Jemen
2023-2024

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



Efnisyfirlit

Félagsmiðstöðin Jemen	3
Opnunartímar Jemen	3
Félagsmiðstöðvadaatal 2023 – 2024	3
Starfið í vetur	4
Áherslur í starfi	4
Valáfangar	4
Samstarf við skólann	4
Samstarf við foreldra	5
Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar	5
Opnanir & viðburðir	6
Kvöldopnanir	6
Jemen Junior.....	7
Sameiginlegir viðburðir Félkó	7
Viðburðir í samvinnu við skóla	8
Viðburðir í samvinnu við Samfés	8
Sumaropnun félagsmiðstöðva	8
Hópa- & klúbbastarf.....	9
Klúbbastarf	9
Sértækt hópastarf.....	10
Félkó miðstöðin	10
Dungens & Dragons klúbbur.....	10
Hinsegin félagsmiðstöð	10
Velkomin.....	10
Unglingaráð.....	11
Jemenráð	11
Miðstigsráð.....	11
Félkóraráð.....	11

Ungmennaráð Kópavogs	12
Ungmennaráð Samfés	12
Hagnýtar upplýsingar	12
Innra mat	12
Ytra mat	13
Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir	13
Símenntunaráætlun 2023-2024	13
Starfsfólk Jemen	14
Fjöldatölur 2022-2023	15

Félagsmiðstöðin Jemen

Félagsmiðstöðin Jemen er fyrir börn og unglinga í 5.-10.bekk og er staðsett í Lindaskóla, Núpalind 7. Jemen er með með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana inn af aðal rými skólans en á síðdegis- & kvöldopnunum höfum við einnig aðgang að matsalnum og afnot af kennslustofum í samráði við kennara og skólastjórnendur þegar þurfa þykir. Fjöldi skráðra barna í 5-7.bekk eru 133 nemendur og í 8-10.bekk eru 152 nemendur, samtals eru því 285 nemendur í 5.-10.bekk í Lindaskóla.

Forstöðumaður Jemen er Laufey Sif Ingólfssdóttir. Síminn í Jemen er 696-1625/441-3024 og netfang forstöðumanns er laufseysif@kopavogur.is.

Opnunartímar Jemen

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 18:30 og 19:30 - 22:00 og annan hvern föstudag frá kl: 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni.

Félagsmiðstöðvadaatal 2023 – 2024

Félagsmiðstöðvadaatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Fristundadeild Kópavogsbæjar**

JULÍ '24	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	1 F Opð	1 S	1 M Þaðið Youth Meðli / Máluningsdagur	1 F	1 M Hóladagur	1 F	1 F Opð - Skólabætt Félak	1 M Áttar / Plásum	1 M Hvítádagurinn	1 L
2 Þ	2 L	2 M Þarmanarabba	2 F	2 L	2 Þ Litið fóðubúnaðarfundur / Hólar	2 F Hvítáttar - Þegnas	2 L Hvítáttar Félak	2 Þ Fóðubúnaðarfundur	2 F	2 S
3 M	3 S	3 Þ Fóðubúnaðarfundur	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S Hvítáttar Félak	3 M Hvítáttar heiti	3 F Hvítáttarinnur / Hvít vati	3 M
4 F	4 M	4 M Þarmanarabba - Félak	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M Hvítáttarabba	4 F	4 L Hvítáttarinnur	4 Þ
5 F	5 Þ Fóðubúnaðarfundur	5 S	5 Þ Hvítáttarabba	5 F	5 F Hvítáttarinnur / Opð	5 M Hvítáttarabba - Hvítáttar	5 Þ Fóðubúnaðarfundur	5 S	5 S	5 M
6 L	6 M	6 F Hvítáttarinnur	6 M Hvítáttarabba	6 M	6 L Hvítáttarinnur	6 Þ Hvítáttarabba	6 M	6 L	6 M	6 F
7 S	7 F	7 L Hvítáttarinnur	7 Þ Hvítáttarinnur	7 F	7 S	7 M Hvítáttarinnur	7 F	7 S	7 F Hvítáttarabba	7 F
8 M	8 F	8 M Hvítáttarinnur	8 M Hvítáttarinnur	8 F Hvítáttarinnur	8 M Hvítáttarabba	8 F	8 F	8 M	8 M Hvítáttarabba	8 L
9 Þ	9 L	9 M Hvítáttarinnur	9 F	9 L	9 Þ Fóðubúnaðarfundur	9 F	9 L	9 Þ Hvítáttarinnur	9 F Hvítáttarinnur	9 S
10 M	10 S	10 Þ Hvítáttarabba	10 F Hvítáttarinnur	10 S	10 M	10 L Hvítáttarinnur	10 S	10 M	10 F Hvítáttarinnur	10 M
11 F	11 M	11 M Hvítáttarinnur	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L Hvítáttarinnur	11 Þ
12 F	12 Þ	12 S	12 Þ Hvítáttarabba	12 F	12 M Hvítáttarinnur	12 Þ Hvítáttarinnur	12 F	12 S	12 F Hvítáttarinnur	12 M
13 L	13 M	13 F Opð	13 M	13 M	13 L	13 Þ Hvítáttarabba	13 M	13 L	13 M Hvítáttarinnur	13 F
14 S	14 Þ Hvítáttarinnur	14 L	14 Þ Hvítáttarabba	14 F	14 S	14 M Hvítáttarinnur	14 F	14 S	14 Þ Hvítáttarinnur	14 F
15 M	15 F Hvítáttarinnur	15 S	15 M Hvítáttarinnur	15 F	15 M	15 F Hvítáttarinnur	15 F	15 M	15 M Hvítáttarinnur	15 L
16 Þ	16 L	16 M Hvítáttarinnur	16 F Hvítáttarinnur	16 L	16 Þ	16 F Hvítáttarinnur	16 L	16 M	16 Þ Hvítáttarinnur	16 S
17 M	17 S	17 Þ Hvítáttarabba	17 S	17 M	17 L	17 M Hvítáttarinnur	17 S	17 M	17 F Hvítáttarinnur	17 M
18 F	18 M	18 M Hvítáttarinnur	18 L	18 M	18 F	18 S Hvítáttarinnur	18 M	18 F Hvítáttarinnur	18 L	18 Þ
19 F	19 Þ Hvítáttarabba	19 F	19 S	19 Þ Hvítáttarinnur	19 F Hvítáttarinnur	19 M Hvítáttarinnur	19 Þ Hvítáttarinnur	19 F Hvítáttarinnur	19 S Hvítáttarinnur	19 M
20 M	20 F	20 M	20 M Hvítáttarinnur	20 L Hvítáttarinnur	20 S Hvítáttarinnur	20 M Hvítáttarinnur	20 M	20 L Hvítáttarinnur	20 M Hvítáttarinnur	20 F
21 M	21 Þ Hvítáttarinnur	21 L	21 Þ Hvítáttarabba	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 M Hvítáttarinnur	21 F
22 Þ	22 F	22 M	22 F	22 M	22 F Opð	22 M	22 F	22 M	22 M Hvítáttarinnur	22 L
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Hvítáttarinnur	23 Þ Hvítáttarinnur	23 F	23 L	23 M	23 Þ Hvítáttarinnur	23 S
24 F	24 S	24 Þ Hvítáttarinnur	24 F	24 S Hvítáttarinnur	24 M	24 L	24 S	24 M Hvítáttarinnur	24 M	24 F Hvítáttarinnur
25 F	25 M	25 M Hvítáttarinnur	25 L Hvítáttarinnur	25 M Hvítáttarinnur	25 F	25 S	25 M	25 F Hvítáttarinnur	25 L Hvítáttarinnur	25 Þ
26 L	26 Þ Hvítáttarinnur	26 F Hvítáttarinnur	26 S	26 Þ Hvítáttarinnur	26 F	26 M	26 Þ Hvítáttarinnur	26 F Hvítáttarinnur	26 S Hvítáttarinnur	26 M Hvítáttarinnur
27 S	27 M Hvítáttarinnur	27 F Hvítáttarinnur	27 L Hvítáttarinnur	27 M	27 L	27 M	27 F	27 M	27 Þ Hvítáttarinnur	27 F
28 M	28 F Hvítáttarinnur	28 M Hvítáttarinnur	28 F Hvítáttarinnur	28 L	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ Hvítáttarinnur	28 F
29 Þ	29 F Hvítáttarinnur	29 M Hvítáttarinnur	29 L	29 M	29 F	29 M Hvítáttarinnur	29 F	29 F Hvítáttarinnur	29 M	29 L
30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 L	30 M	30 L	30 M	30 F Hvítáttarinnur	30 S
31 F		31 Þ Hvítáttarinnur		31 S Hvítáttarinnur	31 M Hvítáttarinnur	31 S	31 S Hvítáttarinnur	31 F Hvítáttarinnur	31 F Hvítáttarinnur	

Föstudagsopnanir eru annan hvern föstudag, með fyrirvara um breytingar. Færðar opnanir í maí.

Blár - Félkó viðburðir. Appelsínugulur - Samfés viðburðir. Dökkgrænn - vetrarfrí. Fjólublár - föstudagsopnanir. Ljósgrænn - frídagar í skólum. Rauður - fundir.

Vantar: Hinsegin opnanir og aðra klúbba

Á félagsmiðstöðvadaatalinu má finna helstu dagsetningar yfir árið á fræðslu, fundum og sameiginlegum viðburðum. Mikil samvinna er á meðal félagsmiðstöðva í Kópavogi. Forstöðumenn félagsmiðstöðvanna funda vikulega ásamt deildar- og verkefnastjóra frístundadeildar. Á þeim fundum eru forstöðumenn upplýstir um einstaka mál, mál rædd og lagt fram hugmyndir fyrir starfið. Ásamt því að forstöðumenn og konur geta speglað sig í hvort öðru.

Starfið í vetur

Allir unglingar í 8-10.bekk úr Lindaskóla eru velkomin á opnanir í Jemen sem og aðrir sem eiga leið hjá eða vilja kíkja í heimsókn. Flest allir viðburðir félagsmiðstöðvarinnar eru opnir öllum en þó eru einstaka viðburðir sem krefjast skráningar líkt og andvökunótt eða ferðir en eru þó allir hvattir til þess að mæta og taka virkan þátt í því starfi sem er í boði hverju sinni. Sérstakar opnanir verða fyrir 5.-7.bekk í Jemen á miðvikudögum. Reglulega yfir starfsárið sækir starfsfólk Jemen fræðsluerindi er varðar málefni sem tengjast starfinu á einn eða annan hátt. Starfsmannafundir eru í Jemen síðasta mánudag í hverjum mánuði en þar fer meðal annars fram dagskrárgerð fyrir komandi mánuð sem unnin er útfrá hugmyndum unglinganna.

Áherslur í starfi

Þetta starfsár líkt og önnur þar á undan ætlum við í Jemen að leggja mest upp úr því að búa til öruggt umhverfi fyrir öll þau ungmenni sem sækja Jemen. Það hefur borið á því í unglingahópnum að margir vita ekki hvar mörk einstaklinga liggja og þess vegna verður sérstök áhersla lögð á fræðslu og samtal um mörk. Við í Jemen höldum einnig áfram að fagna fjölbreytileikanum og liður í því er að búa til öruggt umhverfi og stuðla að því að öll þeir unglingar sem sækja Jemen fái frelsi til þess að vera eins og þeim líður best. Líkt og áður ætlum við að bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Við munum reyna eftir fremsta megni að fylgja þeirri dagskrá sem auglýst er og vekja athygli með góðum fyrirvara ef breytingar verða. Forstöðumaður leggur sérstaka áherslu á mikilvægi stöðugleika í starfinu og að litlar sem engar breytingar séu því gerðar á fyrirliggjandi dagskrá.

Valáfangar

Jemen kemur ekki að neinum valáföngum í Lindaskóla sem er miður. Forstöðumaður á í virku samtali við deildarstjóra og vonast eftir að geta boðið upp á einhverskonar valáfanga vorið 2024 eða haustið 2024.

Samstarf við skólann

Forstöðumaður Jemen ásamt starfsmanni í hærri hærri hlutfalli situr fundi hálfsmánaðarlega með deildastjóra unglingastigs til þess að ræða ýmis mál varðandi nemendur á unglingastigi. Einnig á forstöðumaður Jemen í góðum samskiptum við stjórnendur skólans. Líklegt er að starfsfólk Jemen koma inn sem tímavinnustarfsmenn hjá Lindaskóla eftir áramót og kenna námskeiðið Öruggr saman. Verið er að reyna að setja aðeins meiri formfestu á nemendaráð skólans og mun forstöðumaður/starfsmaður í hærri hlutfalli vonandi sitja nemendaráðsfundi með umsjónarmönnum ráðsins frá og með áramótum. Um þessar mundir er skólinn, félagsmiðstöð og frístund í

innleiðingarferli UNICEF fyrir réttindavottun og er sú vinna komin á fullt og verður unnin að fullum krafti í vetur.

Samstarf við foreldra

Forstöðumaður er alltaf að vinna í því að byggja upp gott samstarf á milli félagsmiðstöðvarinnar, foreldrarölsins, foreldrafélagsins og fulltrúa fjáröflunarnefndar hjá 10.bekk. Forstöðumaður ásamt starfsfólki Jemen mætti á foreldrakynningar í byrjun skólaársins og fór stuttlega yfir starfið í Jemen og hvers má vænta yfir skólaárið. Dagskrá Jemen er send út mánaðarlega á foreldra annarsvegar fyrir miðstig og hinsvegar fyrir unglingana. Að auki er forstöðumaður duglegur að senda tölvupósta á foreldra með ýmsum upplýsingum yfir skólaárið. Jemen reynir einnig að senda frá sér mánaðarleg fréttabréf þar sem koma fram helstu upplýsingar um það sem er á döfinni, hvernig síðasti mánuður var ásamt starfsmannakynningu og helstu upplýsingum um starfið. Hér má sjá fréttabréf septembermánaðar:



FRÉTTABRÉF

SKÓLAÁRIÐ 2023-2024

SEPTEMBER



HÆGT ER AÐ FÁ UPPLÝSINGAR

Símleidið
mánudaga: 11:30-22:00
Þriðjuga: 09:30-15:30
miðvikudagur: 11:30-22:00
fimmtudagur: 09:30-15:30
Í síma: 4413024/6961625

Sendu okkur tölvupóst
Jemen@kopavogur.is

Heimasíða:
www.felagsmidstodvar.kopavogur.is/jemen/

Þú finnst okkur á facebook
Jemen - Foreldrar (2023-2024)

FORSTÖÐUMAÐUR LAUFEY SIF INGÓLFSDÓTTIR

Laufeý Sif hóf störf í félagsmiðstöð árið 2012 í Reykjavík fyrst sem frístundaleiðbeinandi og forstöðumaður. Laufeý Sif hóf störf í Kópavogi árið 2016, sem forstöðumaður í félagsmiðstöðinni Dimmu. Laufeý er tólmunda- og félagsmálafræðingur að mennt ásamt því að vera með diplóma í áfengis- og vímuefnafraeðum. Hún sat í stjórn Samfés (samtök félagsmiðstöðva og ungmenntahúsa á Íslandi) 2019-2022 fyrst sem varamaður en svo sem meðstjórnandi. Þessa stundina stundar hún nám í forystu og stjórnun í Háskólanum á Bifröst samhliða starfinu í Jemen



DAGSKRÁ JEMEN

MÁN	ÞRI	MID	FIM	FÖS
28. ágúst 17:00-18:30 Opðrifa 19:30-22:00 Fyrsta völdopnun vettvangs	29. ágúst 09:30-15:30 Opðr	30. ágúst 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Opðr fyrir 8 bekk Hættu í heiti	31. ágúst 09:30-15:30 Opðr	1. sept 19:30-22:00 Kvöldopnun Höfnun Jemen
4. sept 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Opðr fyrir 5. skólaárið	5. sept 09:30-15:30 Opðr	6. sept 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Kvöldopnun Jemen	7. sept 09:30-15:30 Opðr	8. sept LOKAD
11. sept 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Kvöldopnun Jemen	12. sept 09:30-15:30 Opðr	13. sept 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Opðr fyrir Jemen	14. sept 09:30-15:30 Opðr	15. sept LOKAD v. starfsdags
18. sept 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Kvöldopnun Jemen	19. sept 09:30-15:30 Opðr	20. sept 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Opðr fyrir Jemen	21. sept 09:30-15:30 Opðr	22. sept LOKAD
25. sept 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Opðr fyrir Jemen	26. sept 09:30-15:30 Opðr	27. sept 17:00-18:30 Opðr 19:30-22:00 Opðr fyrir Jemen	28. sept 09:30-15:30 Opðr	29. sept 19:30-22:00 ITK BALL

SEPTEMBER Í JEMEN

September í Jemen fer að mestu í að koma starfinu í gang eftir gott sumar. Við byrjum af krafti með köfukæppi og svo er áherslan lögð á undirbúning fyrir ÍTK-vikuna.

ÍTK- vikan er keppni milli félagsmiðstöðva í ýmsum greinum þar sem hápunktur er náð með Íþróttaballi í Smáaskóla á föstudeginum.

Íþróttaballið er yfirleitt stærsta ball Félkó og eru fyrstu spurningar unglinga á haustin oftast hvenær er Íþróttaballið.

STIGAKERFI

Í októbermánuði byrjum við að gefa krökkunum mætingastig þegar þau mæta í Jemen. Þau sem eru með flest stig fá forgang á þá viðburði sem fjöldatakmörkanir eru á eins og t.d. Samfestinginni og skíðabæði Félkó. Starfsmenn taka niður mætingu til að byrja með og svo munum við treysta þeim sjálf til þess að sjá til þess að merkt sé við þau.

Stig gefin fyrir:
Hádegisopnanir
Dagopnanir
Kvöldopnanir

Auka stig er hægt að fá fyrir að aðstoða við undirbúning viðburða og frágang.

Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar

Verkefnin miðast að því að auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með fötlun, með annað

móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður. Áhersla verður sett á að efla þátttöku barna og unglinga með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Gerðar verða mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum Kópavogs.

Opnanir & viðburðir

Viðburðir vetrarins eru fjölbreyttir líkt og þeir eru margir. Dæmi um viðburði eru hjartsláttur, borðtennismót, trúnókvöld, ísrölt, laser tag, kökukeppni, skopp o.fl.

Hér má sjá dagskrá sem var gefin út fyrir október.

DAGSKRÁ JEMEN	MÁN	ÞRI	MID	FIM	FÖS
	1. 17:00-18:30 "Queer eye" hámhörf 19:30-22:00 Hinsein kvöld Kahoot, perl, spil o.fl.	3. LOKAÐ	4. 17:00-18:30 LOKAÐ 19:30-22:00 Hinsein fræðsla! Í FÖNIX (Salaskóla)	5. LOKAÐ	6. LOKAÐ
	9. 17:00-18:30 Fröllur & Flaskó 19:30-22:00 Heimsókn í MOLANN	10. 09:30-15:30 Opið	11. 17:00-18:30 Opið hús 19:30-22:00 Skin Care kvöld Hildar	12. 09:30-15:30 Opið	13. 19:30-22:45 Ferð í SKOPP Verð: 2000kr
	16. 17:00-18:30 Vöfflur 19:30-22:00 Kynningarkvöld Jemen	17. 09:30-15:30 Opið	18. 17:00-18:30 Opið hús 19:30-22:00 Kahoot: Hver þekkir starfsfólk Jemen best?	19. 09:30-15:30 Opið	20. LOKAÐ
	23. 17:00-18:30 Opið hús 19:30-22:00 Morgunkornakvöld	24. 09:30-15:30 Opið	25. 17:00-18:30 Opið hús 19:30-22:00 Ísbúðarferð	26. 09:30-15:30 Opið	27. Rafíþróttamót Samfés og Félkó Nánar auglýst síðar
	30. 17:00-18:30 Skera út grasker 19:30-22:00 Halloween Top chef	31. 09:30-15:30 Opið	OKTÓBER 2023		

Kvöldopnanir


Dagskrá Jemen á kvöldin er mjög fjölbreytileg og er hún unnin í samstarfi við Jemenráð og starfsfólk Jemen. Dagskráin er send út í gegnum Mentor ásamt fréttabréfi Jemen og fer einnig á Instagramsíðu Jemen. Nýlega höfum við sett upp Sportabler aðgang þar sem dagskrá fer einnig inn mánaðarlega og mun sá vettvangur vonandi virkjað meira á komandi mánuðum.

Jemen Junior

Miðstigsstarfið er kallað Jemen Junior og eru allir úr 5.-7.bekk velkomnir. Síðustu ár höfum við reynt að halda miðstigsstarfinu opnu vikulega. Í október mun miðstigsstarfið í Jemen fara á fulla ferð og munum við hafa opið vikulega þetta starfsárið ásamt því að hafa tvær smiðjur í mánuði aukalega. Á dagskrá er verið að gera ýmislegt skemmtilegt, t.d. skotboltakeppni, útileikir, Tie Dye bolamálun, Kökukeppni og fleira sé nefnt. Í smiðjustarfinu er krafist skráningar. Dagskráin er send út í gegnum Mentor í hverjum mánuði.

Sameiginlegir viðburðir Félkó

Félagsmiðstöðvar Kópavogsbæjar vinna mikið saman undir nafninu Félkó. Margir fastir sameiginlegir viðburðir eru árlega eins og t.d. Íþróttavikan, spurningakeppnin Getkó, nýársball, sköpunardagurinn, forvarnarvikan, söngkeppni. Samstarfið á milli starfsstaðanna er mjög gott. Hér má sjá sameiginlega viðburði FÉLKÓ ásamt viðburðum samfés sem eru fram að áramótum.



Viðburðir í samvinnu við skóla

Þeir viðburðir sem Jemen vinnur í samstarfi við skólann eru eins og er árshátíð, jólaball og verkefnið Öruggr saman. Undanfarin ár hefur Jemen lítið komið að skipulagningu árshátíðarinnar heldur einungis unnið þar á árshátíðinni sjálfri. Þessu vill forstöðumaður breyta og gera árshátíðina meira að samstarfsverkefni Lindaskóla og Jemen.

Viðburðir í samvinnu við Samfés

Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva & ungmennahúsa, heldur úti viðburðum á landsvísu

[Hér má sjá dagskrá Samfés þetta starfsárið.](#)

DAGSKRÁ SAMFÉS 2023 - 2024	
SEPT23 14.-15. SEPT. Starfsdagar Samfés	FEB24 16. - 18. FEB. Landsþing Samfés+
OKT23 6.- 8. OKT. Landsmót Samfés 16.- 20. OKT. Félagsmiðstöðva og ungmennahúsa vikan 27.- 28. OKT. Rafíþróttamót Samfés og Elko	MARS24 15.-16. MARS Rafíþróttamót Samfés og Elko
NÓV23 NÓV - Nordic youth month! 24.- 25. NÓV. Nordic youth summit í Hörpu 17. NÓV. Rímnafæði	APRÍL24 2. APRÍL Undankeppnum söngkeppni Samfés lýkur 3. APRÍL Skráning í söngkeppni Samfés hefst 18.-19. APRÍL Aðalfundur Samfés
JAN24 5. JAN. Samfés-con 26. JAN. Danskeppni Samfés 27. JAN. Stíll hönnunarkeppni	MAÍ24 3. - 4. MAÍ SamFestingurinn í Laugardalshöll

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Jemen er með sumaropnanir í félagsmiðstöðinni á sumrin. Annarsvegar er boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Starf fyrir unglinga síðastliðið sumar var í formi opins starfs, viðburða og sértæks hópstarfs. Hjá okkur störfuðu unglinga sem voru



að sinna ýmsum verkefnum sem tengdist þeirra áhugasviði, líkt og að búa til stuttmynd, Animei ásamt því að einnig var hópur sem var okkur innan handar með miðstigsstarf. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði í sumar fyrir unglingana líkt og fyrri ár en í sumar lögðum við áherslu á virkni og útiveru. Í boði var t.d. frísbíggj, sundferðir, vatnsstríð, útileikir, miðbæjarferð og sjóhopp á Akranesi ásamt vinsælum viðburðum líkt og brjóstsýkursgerð ofl. Á sumrin er Jemen í samstarfi við Vinnuskólann í Kópavogi. Unglingarnir geta fengið að mæta til okkar þegar opnun var í Jemen þegar þau voru í hádegishléi eða pásu. Unglingar geta einnig sóst eftir að vinna í Jemen (sértækt starf) í stað þess að vera úti í beðum og hefur það samstarf gengið vel. Þeir nemendur fá þá greidd laun frá Vinnuskólanum en mæta í Jemen hluta af sínu vinnutímabili, sumir jafnvel allt vinnutímabilið. Vinnan fór fram bæði í Jemen og utan.

Hópa- & klúbbastarf

Starfið í félagsmiðstöðinni er stöðugt að vinna eftir Heimsmarkmiðunum og Barnasáttmálanum alla daga í starfi og með því að þjálfa unglingana að vera lýðræðisleg þenkjandi, leyfa þeirra röddum að heyrast og hlusta á skoðanir þeirra. Starfsfólk Jemen leggur mikið uppá umhverfis og samgöngumál, lýðræði, málefni barna og fjölskyldna, loftlagsmál og lýðheilsu og þar sem starfið er rétt að byrja, stefnum við á að vinna markvisst og meðvitað með greinar barnasáttmálans og heimsmarkmiðin í vetur ásamt því að forstöðumaður mun sitja fundi með skólastjórnendum varðandi innleiðingu heimsmarkmiðanna í Lindaskóla. Þessi vinna fer fram í öllu okkar starfi en speglast einna helst í hóp- og klúbbastarfinu okkar. En opna starfið felur einnig í sér margskonar frístundastarf sem standa öllum unglingum til boða. Unglingar geta komið og nýtt aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Undir opna starfið fellur einnig formleg og óformleg fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir.

Klúbbastarf

Klúbbastarfsmenningin hefur ekki verið rík í Jemen undanfarin ár og margt hefur verið reynt til að vinna markvisst að virkni unglinganna þegar kemur að klúbbastarfi. Sú vinna mun halda áfram þetta árið. Það þarf að innleiða þessa menningu frekar og kynna krökkunum betur fyrir hvað klúbbastarf er og hvernig það virkar. Til þess að halda úti öflugum klúbbastarfi þarf að finna styrkleika/áhugasvið starfsfólks og vinna út frá því í tengslum við áhugasvið unglinganna. Þetta er vinna sem er í gangi og munum við reyna að halda úti einhverskonar klúbbastarfi á skólaárinu en nú þegar höfum við startað skincare klúbbi, sem á fyrsta hitting sló algjörlega í gegn, þar sem við erum svo heppin þetta árið að vera með förðunarfræðing innan starfsmannahópsins. Til þess að kynna klúbbafrýrkomulagið fyrir unglingunum setur starfsfólkið klúbba reglulega á dagskránnar en við erum alltaf að leita að hugmyndum frá unglingunum sjálfum að klúbbum sem rúlla allt skólaárið.



Sértækt hópastarf

Hópastarf gefur unglingum möguleika á að starfa í minni hópum að áhugatengdum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Hópar geta einnig verið árgangahópar eða stelpu- og strákahópar þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við afmörkuð viðfangsefni. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri gefast fyrir beina og óbeina fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis unglingatengd málefni. Sértækt hópastarf er í grunnin hópastarf en þar eru unnið með eitthvað sértækt markmið, líkt og að efla unglingana félagslega og væri þá markhópurinn einna helst félagslega einangraðir unglingar. Í Jemen í ár eru ákveðnir hópar sem við í samstarfi við skólann ætlum að vinna með. Þar má til dæmis nefna strákahóp þar sem unnið verður með almenn samskipti og fræðslu um mörk gagnvart sjálfum sér og öðrum. Árið 2022 hlaut Jemen styrk úr forvarnarsjóði til að setja upp rafíþróttaver. Það verkefni er nú á lokametrunum og sjáum við loksins frammá að geta hafið rafíþróttaklúbb í nóvember.

Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Félkó miðstöðin er staðsett í Höfuðborginni, Fannborg 2 í sama húsnæði og Höfuð-borgin. Í Félkó miðstöðinni er af mörgu að taka. Þar er að finna listasmiðju með t.d. 3D prentara og saumavélum, einnig er þar rafíþróttaver og spilaherbergi o.fl. Jemen hefur ekki verið nægilega duglegt að nota aðstöðuna en stefnir á að hefja notkun eftir áramót.

Dungens & Dragons klúbbur

Klúbburinn hittist reglulega yfir árið í Félkó miðstöðunni og samanstendur hann af áhugasömum unglingum úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogsbæjar. Nokkrir unglingar úr Jemen hafa verið virkir í klúbbnum síðan um síðustu áramót.

Hinsegin félagsmiðstöð

Hinsegin félagsmiðstöðin er með fasta viðveru í Félkó miðstöðinni annan hvern fimmtudag, sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Starfið er nýlega farið af stað aftur eftir sumarfrí og verður keyrt að fullum krafti núna næstu mánuði með jafnvel nokkrum auka opnunum. Nokkur ungmenni frá Jemen hafa sótt starfið frá upphafi en enn er stór hópur sem ekki hefur treyst sér til að kíkja á opnun.



Velkomin

Velkomin verkefnið hefur verið samvinnuverkefni grunn- og frístundadeildar frá árinu 2018 og hefur verið unnið í samvinnu við vinnuskóla kópavogs yfir sumartímann. Börnum og unglingum með annað móðurmál en íslensku boðið velkomin í Kópavog en velkomin snýst um að kynna fyrir börnunum bæjarfélagið og hvað það hefur uppá að bjóða. Þátttakendur Velkomin sumarið 2023 komu frá öllum níu grunnskólum Kópavogs en á námskeiðinu er lögð rík áhersla á að þátttakendum líði vel, kynnist fjölbreyttri afþreyingu eftir áhuga hvers og eins og finni sig í öruggu nýju umhverfi. Þetta árið er stefnt að því að halda Velkomin verkefninu gangandi yfir skólaárið einnig en ekki eingöngu yfir sumarið.

Unglingaráð

Mikilvægt er að ýta undir lýðræði hjá unga fólkinu okkar og eru unglingaráð góð leið til þess. Í þessum ráðum fá unglingarnir rödd þar sem þau geta tjáð skoðanir sínar á hinum ýmsu málefnum og það er hlustað á þau.

Jemenráð

Í Jemenráði sitja tíu unglingar þetta árið, þrír úr 8.bekk, fimm úr 9.bekk og tveir úr 10.bekk. Þeir sem hafa áhuga á að vera með í Jemenráði sækja um og koma svo í viðtal hjá starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar. Síðustu ár hefur verið mikil aðsókn í Jemenráð og er félagsmiðstöðin mjög heppin með áhuga hjá nemendum Lindaskóla fyrir ráðinu. Kosinn er formaður, varaformaður, fulltrúa í Félkóraráð og svo fulltrúa í Ungmennaráð Kópavogs. Kosningar fara fram lýðræðislega innan nemendaráðsins og þeir sem bjóða sig fram halda stutta ræðu aflverju hún/hann/hán á heima í því framboði sem við á hverju sinni og í kjölfarið eru nafnlausar kosningar sem forstöðumaður fer svo yfir. Ýmis mál eru rædd á Jemenráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í Jemenráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Jemen og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í Jemenráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum félagsmiðstöðvar/skóla/landslögum geta haft þær afleiðingar að viðkomandi verði látinn víkja úr Jemenráðinu. Fjórir meðlimir Jemenráðsins fara síðan á Landsmót Samfés þar sem einn Jemenráðsmeðlimur býður sig fram í Ungmennaráð Samfés.

Miðstigsráð

Ekki hefur verið miðstigsráð í Jemen undanfarin ár en stefnan er að breyta því þetta starfsárið. Áhersla verður þó fyrst um sinn lögð á að koma miðstigsstarfinu á stað og í rútínu hjá krökkunum en stefnan er að fara af stað með miðstigsráð strax á nýju ári.



Félkóráð

Í Félkóráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóráðið sér um að skipuleggja stóru viðburðina fyrir félagsmiðstöðvar Kópavogs, ákveða listamenn, hvaða þema á að vera og hvar á að halda viðburðinn og þar eftir götunum. Félkóráðið hefur ekki hafið störf á þessu skólaári og því eru fulltrúar Jemen enn ekki komnir. Vonandi fer Félkó ráðið af stað sem fyrst.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir Bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fullrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fullrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá ungmennahúsinu Molanum. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna. Heiðar Þórðarson er fulltrúi Jemen og Lindaskóla í ungmennaráði Kópavogs þetta skólaárið.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi, auka jafningjafraðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu svo að ekki sé allt miðað við fullorðna. Að ungmenni hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem snúa að þessum aldurshópi. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni. Hafa áhrif á og vinna að viðburðum á vegum Samfés.

Hagnýtar upplýsingar

Innra mat

Við innra mat félagsmiðstöðvarinnar eru samtöl forstöðumanns við starfsfólk og samtölum starfsfólks við unglinga helst notuð. Bæði í óformlegum ígrundunum á fundum og eftir vakt eða í formlegri starfsmannasamtölum. Nemendaráðsfundir og óformlegt spjall við unglingana gefur okkur góða



hugmynd um það hvernig starfið gengur og hvað mætti betur fara. Fjöldatölurnar gefa okkur svo ákveðna mynd af því hvernig mætingin er en er ekki besta leiðin til þess að mæla gæði starfsins. Fjöldatölurnar nýtast hinsvegar vel til þess að kortleggja unglingahópinn og sjá hverjir eru ekki að mæta og hvernig væri hægt að virkja þá unglinga. Í haust hefur verið mjög góð mæting hjá 8.bekk og 10.bekk. Fín mæting er hjá 9. bekk en mætti vera töluvert betri og verður það markmið næstu mánaða að koma þeim betur inn í starfið. Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi. Markmiðið er að halda áfram að mæla starfið okkar og er stefnt að því að hafa næstu könnun fljótlega á nýju ári. Niðurstöður frá Rannsókn og greining um hagir og líðan ungs fólks í Kópavogi gefa út skólaskýrslur fyrir hvern skóla. Stjórnendur eru hvattir til að rýna skýrsluna í samvinnu við skóla til að koma betur á auga á þætti sem þarf að styrkja í sínu skólahverfi.

Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar
- Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika)
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Símenntunaráætlun 2023-2024

Starfsfólki fór á starfsdaga SAMFÉS í september og sóttu þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Forstöðumaður ásamt starfsmanni í herra hlutfalli fór nýverið á fræðslu hjá UNICEF um réttindaskólann, sem mun koma að góðu gagni í þeirri vinnu sem er framundan þar. Reglulega er



haldin starfsmannafræðsla sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva Kópavogs mæta á. Þessi fræðsluerindi eru ákveðin í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni.

Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2023-2024

Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
23. ágúst kl. 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva. <u>Bóli</u> <u>Útivistir</u> <u>Sértækt hópastarf</u> <u>Nýir starfsmenn</u> <u>Tilkynning til barnaverndar</u> <u>Frístundadeild</u>	Smáraskóli	Forstöðumenn félagsmiðstöðva
25.ágúst kl. 19.00-20.00	Velkomin til starfa!	Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði 😊	Gufunesbær	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN
?	Skyndihjálp.	<u>Skyndihjálp</u>	Fræðsluvefur Kópavogsbæjar	Mannauðsdeild Kópavogsbæjar
2. október kl. 17.00-19.00	Hinsegin fræðsla- Hinsegin vika í tengslum við Forvarnarvikuna.	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Fönik	Samtökin 78
6.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkferakistu- Dagur Spilasmíðja Brjóstsykursgerð Föndur D&D	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	<u>Félkó</u> -miðstöðin	Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
4.desember	Fræðsla- <u>Farsældarlöging</u>	Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar	Peða	Sólveig Norðfjörð í innleiðingarþeymi farsældarlaga á menntasviði
8.janúar kl. 17.00-19.00	Sjálfsvarnar- <u>námskeið</u>	Sjálfsvörn	Íþróttahúsið Digranesi	Jón Viðar Sporthúsið
25.janúar kl. 10.00-11.00	Stjórnendafræðsla.	Árangur í <u>teymisvinnu</u> .	Fannborg 2, fundarherbergi Völlur	Ragnheiður Aradóttir
5. og 7.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Kolbrún jafnréttisfulltrúi <u>Bvk</u> borgar og <u>Samfés</u> .
4.mars kl. 17.00-19.00	Verkferakistu- dagur.	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.	<u>Félkó</u> -miðstöðin.	Allir starfsmenn

Fræðsluáætlun fyrir unga fólkið!

Fræðsluerindi	Mánuður
Forvarnarvikan	Október
Fjölmennning	Nóvember
Hinsegin málefni	Janúar
Kynfræðsla-Vika 6	Febrúar
Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi/Samfestingur	Mai

Starfsfólk Jemen

Laufey Sif Ingólfssdóttir - Forstöðumaður – 100%

Arnór Gauti Jónsson – Frístundaleiðbeinandi – 78%



Eva Rós Eyjólfsdóttir – Frístundaleiðbeinandi – 39%

Hildur Jóhanna Kristjánsdóttir – Frístundaleiðbeinandi - 39%

Darri Egilsson – Frístundaleiðbeinandi – Tímavinnustarfsmaður

Fjöldatölur 2022-2023

Fjöldatölurnar litast að einhverju leyti af því að forstöðumaður var í fæðingarorlofi á síðasta starfsári og voru fjöldatölur ekki skráðar fyrir ágúst 2022 og mars-maí 2023.

Ágúst 2022 – **171**
September 2022 – **948**
Október 2022 – **1147**
Nóvember 2022 – **1358**
Desember 2022 – **468**
Janúar 2023 – **1034**
Febrúar 2023 – **872**
Mars 2023 – **857**
Apríl 2023 – **801**
Maí 2023 – **692**
Júní 2023 – **285**
Júlí 2023 – **79**

